

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
137. fundur.

Fimmtudaginn 29. ágúst 2013 kl. 09.30, kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til símafundar. Þátttakendur í fundinum voru: Þóra Sverrisdóttir, Jakob Sigurjónsson, Magnús R. Sigurðsson, Jóhanna Pálmadóttir, Jón Gíslason og Guðmundur R. Halldórsson. Jens P Jensen ritaði fundargerð.

Fundarefni:

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 27. ágúst 2013.

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fyrri liður fundargerðarinnar varðar erindi frá RARIK dags. 03.06.2013, umsókn um framkvæmdaleyfi til borunar á 1600m djúpri vinnsluholu í landi Reykja.

Grenndarkynning hefur farið fram og liggur fyrir yfirlýsing frá eigendum Reykja að þau geri ekki athugasemdir við leyfisveitinguna. Einnig liggur fyrir yfirlýsing frá Vegagerðinni um að hún geri ekki athugasemd við veltengingu vegna framkvæmdarinnar.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti umsóknina án fyrirvara.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis.

Umfjöllun um seinni lið fundargerðarinnar er frestað til næsta fundar í sveitarstjórn Húnavatnshrepps.

Fleira ekki gert,
Fundi slitið kl. 10.30

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Magnús R. Sigurðsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Jens P. Jensen